**RSK** RÍKISSKATTSTJÓRI

# Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts til **byggingaraðila** vegna vinnu á byggingarstað við nýbyggingu, endurbætur eða viðhald á **íbúðarhúsnæði**

Til (ríkisskattstjóri)

Sækja skal um endurgreiðslu fyrir hverja einstaka byggingu samkvæmt verkbókhaldi sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 576/1989, og sölureikningum frá verktökum.

## TÍMABIL

| Mánuðir | Ár |
|---|---|
| | |

## I BYGGINGARAÐILI ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS (UMSÆKJANDI)

| Nafn | VSK-númer | Kennitala |
|---|---|---|
| Heimili | Póstnúmer og póststöð | Sveitarfélag |
| Staðsetning eignar | Byggingarstig | Tegund byggingar |

| Bygging hófst eða hvenær keypt | Byggingu lauk | Hvenær tekið í notkun | Eignarhluti byggingaraðila | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | % | $m^2$ | $m^3$ |

Tegund byggingar: ☐ Fjöleignarhús ☐ Raðhús ☐ Einbýlishús ☐ Parhús

## II FRAMKVÆMDIR VIÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL SÖLU EÐA LEIGU

### A Nýbygging - greiðslur vegna vinnu á byggingarstað

| | | | Til endurgreiðslu |
|---|---|---|---|
| Greiðslur til verktaka samkvæmt reikningum | Heildargreiðsla með VSK | 1. Vinna skv. reikningum með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 1 |
| Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi | Heildargreiðsla til launþega | 2. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 2 |
| Eigin vinna á byggingarstað | Heildarlaun eða reiknað endurgjald | 3. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 3 |
| Samtals II A | | 0 | a 0 |

### B Endurbætur og viðhald - greiðslur vegna vinnu á byggingarstað

| | | | Til endurgreiðslu |
|---|---|---|---|
| Greiðslur til verktaka samkvæmt reikningum | Heildargreiðsla með VSK | 1. Vinna skv. reikningum með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 1 |
| Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi | Heildargreiðsla til launþega | 2. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 2 |
| Eigin vinna á byggingarstað | Heildarlaun eða reiknað endurgjald | 3. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 3 |
| Samtals II B | | 0 | b 0 |

## III FRAMKVÆMDIR VIÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL EIGIN NOTA

### A Nýbygging - greiðslur vegna vinnu á byggingarstað

| | | | Til endurgreiðslu |
|---|---|---|---|
| Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi | Heildargreiðsla til launþega | 1. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 1 |
| Eigin vinna á byggingarstað | Heildarlaun eða reiknað endurgjald | 2. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 2 |
| Samtals III A | | 0 | c 0 |

### B Endurbætur og viðhald - greiðslur vegna vinnu á byggingarstað

| | | | Til endurgreiðslu |
|---|---|---|---|
| Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi | Heildargreiðsla til launþega | 1. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 1 |
| Eigin vinna á byggingarstað | Heildarlaun eða reiknað endurgjald | 2. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 2 |
| Samtals III B | | 0 | d 0 |

Undirritaður óskar eftir endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts í samræmi við framangreindar upplýsingar sem gefnar eru eftir bestu vitund og í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.

Samtals a, b, c og d
Til endurgreiðslu 0

............................ Dagsetning ............................ Undirskrift

**Sjá skýringar á bakhlið samrits**

**RSK** RÍKISSKATTSTJÓRI

# Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts til **byggingaraðila** vegna vinnu á byggingarstað við nýbyggingu, endurbætur eða viðhald á **íbúðarhúsnæði**

| Til (ríkisskattstjóri) |
|---|
| |

Sækja skal um endurgreiðslu fyrir hverja einstaka byggingu samkvæmt verkbókhaldi sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 576/1989, og sölureikningum frá verktökum.

## TÍMABIL

| Mánuðir | Ár |
|---|---|
| | |

## I BYGGINGARAÐILI ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS (UMSÆKJANDI)

| Nafn | | | | VSK-númer | | Kennitala |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heimili | | | | Póstnúmer og póststöð | | Sveitarfélag |
| Staðsetning eignar | | | | Byggingarstig | | Tegund byggingar<br>☐ Fjöleignarhús ☐ Raðhús |
| Bygging hófst eða hvenær keypt | Byggingu lauk | Hvenær tekið í notkun | Eignarhluti byggingaraðila<br>% | m$^2$ | m$^3$ | ☐ Einbýlishús ☐ Parhús |

## II FRAMKVÆMDIR VIÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL SÖLU EÐA LEIGU

### A Nýbygging - greiðslur vegna vinnu á byggingarstað

| | | | Til endurgreiðslu |
|---|---|---|---|
| Greiðslur til verktaka samkvæmt reikningum | Heildargreiðsla með VSK | 1. Vinna skv. reikningum með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 1 |
| Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi | Heildargreiðsla til launþega | 2. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 2 |
| Eigin vinna á byggingarstað | Heildarlaun eða reiknað endurgjald | 3. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 3 |
| Samtals II A | | 0 | a 0 |

### B Endurbætur og viðhald - greiðslur vegna vinnu á byggingarstað

| | | | Til endurgreiðslu |
|---|---|---|---|
| Greiðslur til verktaka samkvæmt reikningum | Heildargreiðsla með VSK | 1. Vinna skv. reikningum með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 1 |
| Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi | Heildargreiðsla til launþega | 2. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 2 |
| Eigin vinna á byggingarstað | Heildarlaun eða reiknað endurgjald | 3. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 3 |
| Samtals II B | | 0 | b 0 |

## III FRAMKVÆMDIR VIÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL EIGIN NOTA

### A Nýbygging - greiðslur vegna vinnu á byggingarstað

| | | | Til endurgreiðslu |
|---|---|---|---|
| Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi | Heildargreiðsla til launþega | 1. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 1 |
| Eigin vinna á byggingarstað | Heildarlaun eða reiknað endurgjald | 2. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 2 |
| Samtals III A | | 0 | c 0 |

### B Endurbætur og viðhald - greiðslur vegna vinnu á byggingarstað

| | | | Til endurgreiðslu |
|---|---|---|---|
| Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi | Heildargreiðsla til launþega | 1. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 1 |
| Eigin vinna á byggingarstað | Heildarlaun eða reiknað endurgjald | 2. Laun á útseldu verði með VSK | 11,61% fjárhæðar í reit 2 |
| Samtals III B | | 0 | d 0 |

Undirritaður óskar eftir endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts í samræmi við framangreindar upplýsingar sem gefnar eru eftir bestu vitund og í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.

| Samtals a, b, c og d<br>Til endurgreiðslu |
|---|
| 0 |

.................................... Dagsetning

.................................... Undirskrift

**Sjá skýringar á bakhlið samrits**



**Samrit**
**Eintak rekstraraðila**

# Skýringar

Endurgreiðslubeiðni þessi skv. reglugerð nr. 449/1990 tekur til **byggingaraðila íbúðarhúsnæðis** í skilningi reglugerðar nr. 576/1989.

Með **byggingaraðila** er átt við aðila sem stundar byggingarstarfsemi á eigin kostnað, þ.e. hefur með höndum byggingarframkvæmdir á eigin lóð eða leigulóð, hvort sem aðili hyggst selja fasteignina, leigja hana eða nota sjálfur. Þegar byggingaraðilar byggja, endurbæta eða gera verulegar breytingar á eigin eða leigðum byggingum ber þeim að skila virðisaukaskatti af m.a. eigin vinnu og vinnu starfsmanna sinna, allt eftir því sem nánar greinir í reglugerð nr. 576/1989. Byggingaraðilar eru þó ekki skyldugir til að skila virðisaukaskatti af eigin vinnu og vinnu starfsmanna vegna viðgerðar- og viðhaldsframkvæmda nema heildarkostnaður (skattverð) framkvæmdanna nemi á ári a.m.k. kr. 2.336.800 (m.v. 1. janúar 2018). Sjá nánar tilvitnaða reglugerð og auglýsingu RSK nr. 8/1994.

Samkvæmt reglugerð nr. 449/1990 geta byggingaraðilar sótt um endurgreiðslu á þess virðisaukaskatts sem þeir greiða af **eigin vinnu** og **vinnu starfsmanna** sinna skv. reglugerð nr. 576/1989, ef vinnan varðar byggingu, endubætur eða viðhald á **íbúðarhúsnæði** í þeirra eigu. Hið sama er að segja um **aðkeypta verktakavinnu**.

Sækja skal um endurgreiðslu á eyðublaði þessu fyrir **hverja einstaka byggingu** samkvæmt verkbókhaldi byggingaraðila, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 576/1989, og sölureikningum frá verktökum.

**Virðisaukaskattur fæst ekki endurgreiddur af eftirfarandi vinnuþáttum:** 1) Vinnu veitufyrirtækja við lagnir að og frá húsi. 2) Vinnu stjórnenda vinnuvéla, jafnt þungavinnuvéla sem véla iðnaðarmanna o.fl. á byggingarstað. 3) Vinnu sem unnin er á verkstæði. Þá skal ekki endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu sem unnin er með vélum sem settar eru upp á byggingarstað til aðvinnslu á vöru eða efni til íbúðabyggingar, endurbóta eða viðhalds ef þessi vinna er að jafnaði unnin á verkstæði eða í verksmiðju. 4) Vinnu við ræstingu, garðslátt, skordýraeyðingu og aðra reglulega umhirðu íbúðarhúsnæðis sem ekki verður talin viðhald eignar.

Þá tekur endurgreiðsla **ekki** til íbúðarhúsnæðis ef það er notað eingöngu undir virðisaukaskattsskylda starfsemi og innskattsfærsla heimil. Virðisaukaskattur fæst heldur **ekki** endurgreiddur af ýmsum greiðslum vegna byggingarframkvæmda, t.d. aksturskostnaði, útgjöldum vegna ferða og uppihalds, greiðslum vegna útreikninga eða hugsanlegra bóta sem verktaki krefur verkkaupa um. **Ekki er endurgreiddur virðisaukaskattur af efni sem notað er í bygginguna.**

**TÍMABIL FRAMKVÆMDA**

Tilgreina skal á hvaða tíma verk var unnið sem endurgreiðslubeiðni varðar.

**I. BYGGINGARAÐILI ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS (UMSÆKJANDI)**

Hér skulu skráðar tilteknar upplýsingar um umsækjanda. Jafnframt þarf að tilgreina tegund byggingar sem endurgreiðslubeiðnin varðar og hvar hún er staðsett. Ef um nýbyggingu er að ræða þá skulu koma fram upplýsingar um á hvaða byggingarstigi hún telst vera, þ.e. grunnur, fokhelt, tilbúið undir tréverk, íbúðarhæft en ekki fullgert, fullgert.

**II. FRAMKVÆMDIR VIÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL SÖLU EÐA LEIGU**

Útfylla ber lið **II A ef um er að ræða *nýbyggingu* íbúðarhúsnæðis til *sölu eða leigu*** en lið **II B ef um er að tefla *endurbætur eða viðhald* íbúðarhúsæðis til *sölu eða leigu.***

***Greiðslur til verktaka samkvæmt reikningum***

Aðgreina skal annars vegar heildargreiðslu, þ.m.t. efni, með vsk. og hins vegar hver vinnuþáttur með vsk. er af heildargreiðslu samkvæmt reikningum frá verktökum sem unnið hafa fyrir byggingaraðila við byggingarframkvæmdir.

***Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi***

Hér skal annars vegar færa laun sem greidd eru til starfsmanna byggingaraðila vegna vinnu á byggingarstað og hins vegar laun á reiknuðu útsöluverði sem útskatta ber skv. 2., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 576/1989, þ.e. á almennu gangverði í samskonar viðskiptum með vsk.

***Eigin vinna á byggingarstað***

Aðgreina skal annars vegar heildarlaun eða reiknað endurgjald vegna eigin vinnu byggingaraðila á tímabilinu og hins vegar reiknuð laun á útsöluverði sem útskatta ber skv. 2., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 576/1989, þ.e. á almennu gangverði í samskonar viðskiptum með vsk.

**III. FRAMKVÆMDIR VIÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL EIGIN NOTA**

Varði framkvæmdir íbúðarhúsnæði til eigin nota byggingaraðila, ber að útfylla lið III. Útfylla ber lið **III A ef um er að ræða *nýbyggingu* íbúðarhúsnæðis til *eigin nota*** en lið **III B ef um er að tefla *endurbætur eða viðhald* íbúðarhúsnæðis *til eigin nota.***

**Ekki á að sækja um endurgreiðslu vegna aðkeyptrar verktakavinnu við íbúðarhúsnæði til eigin nota byggingaraðila á þessu eyðublaði. Sjá eyðublöð RSK 10.18 (endurbætur eða viðhald) og RSK 10.19 (nýbygging).**

***Laun greidd til starfsmanna samkvæmt vinnuskýrslum eða verkbókhaldi***

Hér skal annars vegar færa laun sem greidd eru til starfsmanna byggingaraðila vegna vinnu á byggingarstað og hins vegar laun á reiknuðu útsöluverði sem útskatta ber skv. 4., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 576/1989, þ.e. á almennu gangverði í samskonar viðskiptum með vsk.

***Eigin vinna á byggingarstað***

Aðgreina skal annars vegar heildarlaun eða reiknað endurgjald vegna eigin vinnu byggingaraðila á tímabilinu og hins vegar reiknuð laun á útsöluverði sem útskatta ber skv. 4., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 576/1989, þ.e. á almennu gangverði í samskonar viðskiptum með vsk.

**ENDURGREIÐSLUTÍMABIL OG AFGREIÐSLA BEIÐNA**

Hvert endurgreiðslutímabil er tveir mánuðir: janúar og febrúar, mars og apríl, o.s.frv. Endurgreiðslutímabil þeirra byggingaraðila sem gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 667/ 1995 (ársskil) er þó almanaksárið.

Beiðni skal berast ríkisskattstjóra í síðasta lagi 15. dag næsta mánaðar eftir að endurgreiðslutímabili lýkur. Þannig þarf beiðni fyrir janúar og febrúar að berast ríkisskattstjóra fyrir 15. mars. Berist beiðni eftir skiladag þá verður hún afgreidd á því uppgjörstímabili sem hún berst.

Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á réttum tíma skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar eftir skiladag. Endurgreiðsla vegna aðkeyptrar vinnu verktaka við viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis (sjá lið II B) er þó ekki bundin neinum endurgreiðslutímabilum heldur ber ríkisskattstjóra að afgreiða slíka beiðni ekki síðar en 14 dögum frá því hún berst. Afgreiðslufrestir framlengjast ef ríkisskattstjóri getur ekki vegna aðstæðna umsækjanda gert nauðsynlegar athuganir á gögnum sem beiðnin byggist á.

Réttur til endurgreiðslu fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst ríkisskattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

**LAUNAMIÐAR**

Fyrir 20. janúar ár hvert skulu þeir sem sótt hafa um endurgreiðslu samkvæmt eyðublaði þessu senda ríkisskattstjóra útfyllta launamiða (RSK 2.01) vegna greiddra launa og verktakagreiðslna.